

Kynningar:

Ásbjörn Ólafsson
Toppskórinn

Lagersölu & skiptimarkaðir

FIMMTUDAGUR 26. SEPTEMBER 2019



Þær Heiða Önundardóttir og Laufey Stefánsdóttir taka vel á móti gestum Risamarkaðarins sem staðsettur er í Holtagörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vandaðar vörur á ótrúlegu verði

Flestir landsmenn þekkja Holtagarða en 44 ár eru liðin frá byggingu þeirra. Þar hefur Risamarkaðurinn verið starfræktur reglulega um árabíl, fullur af tilboðum sem ekki er hægt að hafna. ➔2



Í Risamarkaðinum, sem staðsettur er í Holtagörðum, má finna allt milli himins og jarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Jólagjafirnar fást í Risamarkaðinum.

Framhald af forsiðu →

Í dag verður lagersala Ásbjörns Ólafssonar ehf. opnuð í Risamarkaðnum og eru Holtagarðarnir stúffullir af fallegri vöru sem henta bæði fyrir heimili jafnt sem mótuneyti og veitingastaði.

„Holtagarðar henta einstaklega vel undir lagersölur sem þessa þar sem aðgangur er góður og mikið er af bílastæðum. Lagersalan er í 1.200 fermetra húsnæði sem er bjart og rúmgott.“ segir Laufey Stefánsdóttir en hún, ásamt Aðalheiði Rut Önuðardóttur, stendur að baki Risalagersölunni. „Þá er staðsetningin tilvalin og bæði einfalt og auðvelt að komast þangað, hvar sem er þú ert staddur.“

Fjölbreytt úrval

Laufey hefur mikla og góða reynslu af rekstri lagersala en hún hefur meðal annars rekið lagersölur fyrir þekkt vörumerki eins og Bestseller, Next, Nike, New Balance, Zara, SIX, Didrikson og fleirum og í ár er einnig mikið af útvistarfatnaði frá Ellingsen.

Laufey segist skynja mikla ásókn í gæðavöru á viðráðanlegu verði. „Eftirspurn eftir merkjavöru á betra verði er mikil og er gert ráð fyrir að markaðurinn verði opinn fram í desember.“

Þá eru ekki einungis fót í boði, heldur einnig ótalmargar hönnunar- og gjafavörur sem Laufey segir henta fyrir öll tilefni. „Sem dæmi um vörur og vörumerki sem verða á lagersölunni eru borðbúnaður frá Bitz, rúmföt, handklæði og annað lín frá Söðahl.“

Tímalaus hönnun fyrir öll tilefni

„Við erum líka með vörur frá litta en það vörumerki þarf varla að kynna fyrir Íslendingum.“ segir Laufey en óhætt er að fullyrða að þessi finnska gæðahönnun sé löngu orðin ódauðleg hér á landi og finna má litta-muni inni á allflestum íslenskum heimilum. Gjafir frá litta valda sjaldnast vonbrigðum og henta við öll tilefni.

„Svo erum við með eldhúshöld frá Rosti, eldfóst mót frá Pyrex, gjafavörur frá Nuance, A Simple Mess og Villa, borðbúnað frá Churchill, glös frá Libbey og bakka og fleira frá APS en þetta er bara hluti af því sem er í boði.“

„Einnig verða hér fallegar mottur og pullur frá Rug Republic,“ bætir Laufey við. „Þetta er virkilega fjölbreytt lagersala með fallegum vörum á frábæru verði.“

Þá sé kjörið að gera sér ferð á lagersöluna og klára jólagjafainn-



Heiða og Laufey hvetja áhugasama til þess að fylgjast með á Facebook.



Risamarkaðurinn býður upp á allt sem hugurinn girnist.



Í Risamarkaðinum er mikið úrval vandaðra vara á sanngjörnu verði.

Það má eiginlega segja að hægt sé að leysa allar jólagjafirnar á einu bretti!

Laufey Stefánsdóttir

kaupin. „Viðskiptavinir geta þannig gert frábær kaup til dæmis fyrir jólin og það má eiginlega segja að hægt sé að leysa allar jólagjafirnar á einu bretti!“

Laufey segir enn fremur að viðskiptavinir geti treyst því að vörurnar séu vandaðar, jafnvel þó að verðið sé hagstæðara en ella. „Þessar vörur eru í fullkomlega eðlilegu ásigkomulagi og eru því ekki einhverjir gallagripir,“ segir hún. „Þetta eru allajafna umfram vörukaup sem seld eru á góðu verði.“



Tryggur hópur viðskiptavina

Laufey segir viðskiptavinahópin bæði fjölmennan og tryggan. „Við erum með stóran viðskiptavinahóp. Hingað kemur sama fólkíð ár eftir ár og sumir koma meira að segja á hverjum degi því alltaf sér fólk eitthvað nýtt og spennandi.“

Hún segir að stöðugt sé verið að taka inn nýjar vörur og því sé tilvalið að kíkja við reglulega og virða fyrir sér úrvalið. „Við erum duglegar að bæta inn nýjum vörum á lagersöluna og því borgar sig að koma oftar en einu sinni.“

Þá geti fólk fylgst með þeim á Facebook.

„Við erum með mjög virka Facebook síðu sem heitir Risamarkaðurinn og viðburð á Facebook sem heitir Lagersala Ásbjörns Ólafssonar ehf. Þar setjum við inn myndir af vörum daglega, tilkynnum þegar nýjar vörur eru teknar upp ásamt því að svara fyrirspurnum,“ útskýrir Laufey.

Ásbjörn Ólafsson ehf. er heildsala sem selur matvöru og sælgæti fyrir verslanir, veitingastaði og mótuneyti ásamt búshöldum og gjafavöru sem seldar eru í verslanir, veitingastaði og hótél.

Risamarkaðurinn er með fjölbreyttar vörur sem henta fyrir öll tilefni.



Risamarkaðurinn og lagersala Ásbjörns Ólafssonar ehf. Holtagörðum, 1. hæð

Opnunartímar eru eftirfarandi:
12-18 alla virka daga
12-17 laugardaga
13-17 sunnudaga

Toppskórinn: falinn fjársjóður

Hjá Toppskónum er hægt að fá vandaða skó frá þekktum merkjum í miklu úrvali og á að lágmarki 40% afslætti. Starfsfólkið þekkir allar vörurnar vel og veitir öllum góða og persónulega þjónustu.

Sköverslunin Toppskórinn er outlet-verslun þar sem alltaf er hægt að fá að minnsta kosti 40% afslátt af öllum skóm. Skórnir koma frá nokkrum af helstu skóbúðum landsins, Steinari Waage, Ecco, Kaupfélaginu, Kox, Skechers, Air og Ellingsen, þannig að í Toppskónum er hægt að fá bestu skómerkin á betra verði en gengur og gerist. Toppskórinn er á tveimur stöðum í bænum, í Grafarholti og á Smáratorgi.

„Það er ekki mikill munur á verslunum okkar, en það er meira af heilum línunum á Smáratorgi og heldur meira af stökum pörum í Grafarholti,“ segir Anna Christina Rosenberg, rekstrarstjóri Toppskósins. „Um það bil helmingurinn af vöruúrvalinu er eins, en það er einhver munur og það er ólík uppsetning í búðunum tveimur.“

Fyrir utan skó seljum við líka mjög mikið af alls konar aukahlutum eins og hreinsivörur, innlegg, sokka og ýmislegt fleira,“ segir Anna. „Þessar vörur eru ekki á föstum afslætti eins og skórnir, en það er oft boðið upp á tilboð og við höldum líka reglulega svokölluð skópарты og þá bjóðum við 50-80% afslátt af skóm.“

Öll bestu merkin á betra verði

„Við bjóðum upp á frábært úrval af gæðaskóm frá öllum helstu skómerkjum landsins,“ segir Anna. „Þar á meðal bjóðum við upp á mörg af heitustu merkjunum, eins og Nike og Ecco og við erum oft með mjög nýlega skó, en ekki gamla lagera. Ég á son sem er 23 ára og vinir hans hringja reglulega í mig til að forvitnast um nýjustu Nike-skóna hverju sinni.“

Þú getur komið hingað með alla fjölskylduna og fengið eitthvað á alla, allt frá ungbörnum upp í afa og ömmu,“ segir Anna. „Það er líka hægt að koma hingað og fá golfskó jafnt sem kuldaskó fyrir veturinn, úrvalið er svo fjölbreytt.“

Góð þjónusta og góð stemning

„Við þössum að veita góða og persónulega þjónustu og aðstoða viðskiptavinum eftir þörfum. Margir skilja ekki alveg vel hvað felst í outlet-verslun, en þó að þetta sé markaður er fólk aðstoðað af vel þjálfuðu starfsfólki sem kann á skóna og merkin og þekkir gæði,“ segir Anna. „Starfsfólkið gerir allt sem það getur til að sjá til þess að fólk fari ánægð út. Það er heldur engin ástæða til að setta sig við minni þjónustu þó maður sé að kaupa skó á afslætti.“

Við tökum líka enga aukahluti í sölu fyrr en það er búið að prófa þá og kenna starfsfólki á þá,“ segir Anna. „Þannig tryggjum við að allar vörur samræmist okkar gæðastöðlum og sjáum til þess að starfsfólkið kunni vel á þær.“

Við leggjum mikla áherslu á að hafa gaman í vinnunni. Ég tek sjálf mikið eftir þjónustunni sem ég fæ og við viljum að fólk fái góða og þægilega upplifun af því að koma til okkar, þess vegna reynum við að halda stemningunni léttari og skemmtilegri,“ segir Anna. „Það hefur greinilega heppnast ágætlega hjá okkur, því við erum með mikið af fastakúnum.“

Við bjóðum upp á 14 daga skilafrest með fullri endurgreiðslu, þannig að fólk getur komið og keypt skó og farið með þá heim til að athuga hvort þeir henta. Margir nýta þetta fyrir börn og eldra fólk,“ segir Anna. „Það er líka hægt að



Anna Christina Rosenberg rekstrarstjóri og Vaka, starfsmaður Toppskósins, taka vel á móti öllum viðskiptavinum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Toppskórinn er oft með mjög nýlega skó og býður upp á frábært úrval af vönduðum gæðaskóm frá öllum bestu og flottustu merkjunum í dag.



Hjá Toppskónum ættu allir að geta fundið flotta og þægilega skó sem henta. Starfsfólkið veitir góða þjónustu og getur auðveldað valið.

Þó að þetta sé markaður er fólk aðstoðað af vel þjálfuðu starfsfólki sem kann á skóna og merkin og þekkir gæði.

Anna Christina Rosenberg

skipta út skóm sem maður fær að gjöf fyrir nýtt par eða inneignar-notu.“

Hvetja fólk til að koma eða hafa samband

„Við viljum endilega hvetja fólk sem vill kaupa vandaða skó á góðu verði og fá góða þjónustu til að koma hingað til okkar,“ segir Anna. „Það er gaman hérna hjá okkur og hér starfar góður hópur sem vinnur vel saman. Vonandi finnst viðskiptavinum jafn gaman að koma eins og okkur finnst að vinna hérna.“

Við erum með Facebook-síðu þar sem við erum oft með einhver tilboð eða leiki í gangi og reynum líka að auglýsa nýja skó á síðunni,“ segir Anna. „Fólk getur líka notað hana til að hafa samband við okkur og við reynum að svara sem allra fyrst.“



Hjá Toppskónum er hægt að finna frábært úrval af góðum skóm fyrir unga jafnt sem aldna.

Lúxusvörur með góðum afslætti

Pegar komið er til annarra landa er alltaf eftirsóknarvert að komast í outlet sem bjóða merkjavörur með allt að 70-80% afslætti. Venjulega er um að ræða fót frá síðustu tíma-bilum hönnuðarins og hægt að gera reyfarakaup.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Sum outlet eru afar glæsileg og gaman að heimsækja þau. Þeir sem eiga leið til Milánó eða Flórens geta á einfaldan hátt komist í glæsileg outlet þar sem sérstakir strætisvagnar ganga þangað daglega. Oft eru þessi

outlet fyrir utan borgina. Fáir hafna því að kaupa Prada-föt með 80% afslætti. Nokkur outlet þykja flottari en önnur og hér nefnum við nokkur.

Acne Studios

Acne Studios er í Stokkhólmi í Svíþjóð. Allt verð er miðað við að minnsta kosti 50% afslátt frá upphaflegu verði. Þarna eru oft í boði sérhannaðar vörur sem aldrei hafa farið í verslanir, einungis verið sýndar á tiskusýningum.

Það er hægt að skoða og versla á heimasíðunni acnestudios.com.

Foxtown Factory

Foxtown Factory Outlets í Mendrisio í Sviss er með 160 tiskumerki undir sínum hatti. Þeir bjóða merkjavöru með 30-70% afslætti. Staðurinn er ekki langt frá landamærum Ítalíu og helstu merkin eru ítölsk en þar má til dæmis nefna Gucci, Missoni, Prada, Valentino, Armani og Versace.

Hægt er að skoða vörur og þjónustu á foxtown.com.

Bicester Village

Bicester Village er outlet í Bicester á Englandi með meira en 130 merkjavörslanir með lúxusvörur á góðu verði. Þar á meðal eiga frægustu tiskuhönnuðir Bretlands vörur þarna og má nefna merki eins og Anya Hindmarch, Alexander McQueen, Rupert Sanderson, All Saints auk annarra



La Vallée Village outlet er staðsett í rúmlega hálf tíma akstursfjarlægð frá París. Þar eru merkjavöruverslanir í röðum í falgri göngugötu.

helstu tiskuhönnuða heimsins. Það tekur innan við klukkustund að fara með lest til Bicester sem er skemmtilegur bær í Oxfordshire.

Heimasíðan er tbvsc.com/bicester-village.

Prada-outlet

Prada-outlet er staðsett í Montevarchi á Ítalíu. Það er í klukkutíma fjarlægð frá Flórens með lest. Sagt er að verslunarmiðstöðin sé staðsett á skrítnum stað en að skreppa þangað sé vel þess virði. Ótrúlegt úrval af lúxus merkjavöru með frábærum afslætti. Hægt er að

panta ferð þangað frá Flórens með þarlandum ferðaskrifstofum.

The Mall í Toskana

Í falgum hæðum í Toskana á Ítalíu er The Mall sem er lúxusmerkja-outlet. Þarna má finna alla helstu og frægustu hönnuði samtímans eins og Gucci, Fendi, Moschino, Versace, Tom Ford, Philipp Plein, Lanvin og Alexander McQueen. Í þessari verslanamiðstöð er hægt að verja deginum og labba á milli falggra verslana og um leið kaupa merkjavöru með miklum afslætti. Heimasíðan er themall.it.

Woodbury Commons outlet

Í Woodbury sem er í klukkustundar akstursfjarlægð frá New York er Céline outlet. Yfir 220 verslanir með alls kyns merkjavöru eins og Dolce & Gabbana, Burberry, Prada, Balenciaga, Valentino, Fendi, Gucci, Coach, Tory Burch, J. Crew, Ann Taylor, Gap, The North Face, Banana Republic og fjölda annarra. Yfirleitt eru vörur með 50% afslætti og oft eru mjög góð tilboð að auki. Sérstakar rútur aka frá New York til Woodbury daglega og hægt að kaupa miða á netinu undir síðunni newyork-sightseeing.com. Það eru outlets um öll Bandaríkin og um að gera að kynna sér þau áður en haldið er í ferð þangað.

La Vallée Village

La Vallée Village outlet er staðsett í rúmlega hálf tíma akstursfjarlægð frá París. Þar er boðið upp á helstu frönsku tiskumerkin auk annarra þjóða. Má meðal annars nefna Carven, Givenchy, Céline, Kenzo, Longchamp, Robert Clergie, Repetto, og Saint Laurent. La Vallée Village er staðsett í falgum bæ sem nefnist Serris og er í göngugötu þar sem eru merkjavöruverslanir í röðum. Þarna eru líka frábær veitingahús svo skemmtilegt er að verja deginum í Serris. Hægt er að kaupa ferð þangað á síðunni viator.com og heimasíðan hjá La Vallée Village er lavalleevillage.com.

EXTRA loppan

GEFÐU HLUTUNUM NÝTT LÍF

- fatnaður og fylgihlutir
- húsbúnaður
- hönnunarvara o.fl.

ERUM STAÐSETT Á 1. HÆÐ
Í SMÁRALINDINNI
extraloppan.is